

Reglugjörð

um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð óskilafjenaðar, grenjaleitir og refaveiðar fyrir hreppana í Árnassýslu vestan Hvítár og Ölfusár.

I. kafli.

Um grenjaleitir og refaveiðar.

1. gr.

Sjerhverri hreppsnefnd ber að láta leita grenja, bæði í heimalöndum og afrjettarlandi hreppsins tvisvar á vori; skal hin fyrri leitin fara fram þá er 6 vikur eru af sumri, en hin síðari í 9. viku sumars. Þó má færa grenjaleit fram eða aftur eftir því hve snemma vorar og snjóa leysir af grenjastöðvum.

2. gr.

Hreppsnefnd ber í tækan tíma, ár hvert, að hafa ráðið svo marga skotmenn, sem þörf er á. Engin skytta má án gildra ástæðna skorast undan, að takast á hendur að vinna greni innan hrepps.

3. gr.

Til grenjaleita í afrjettum útveggar hreppsnefndin hæfa menn, svo marga, sem þörf er á, og skipar þeim í leit. Má enginn skorast undan að hlýða þeirri skipun, nema hann hafi gildar ástæður. Skyldur er hver búandi að ljá menn til grenjaleita í heimalandi sínu endurgjaldslaust af fjallskila- eða hreppssjóði, en hreppsnefndin skipar fyrir um grenjaleitir þessar. Skotmaður skal ætíð vera með leitarmönnum, og skal þegar leggjast við annan mann við grenið, er það er fundið.

4. gr.

Nú finst greni utan leitar. Skal þá sá, er finnur, skyldur að fara þegar til þess búanda í hreppnum, er næstur býr, og skal sá búandi þegar í stað senda mann til að gæta grensins vandlega, uns skotmaður kemur. Hafi sá búandi, er næstur býr greni, eigi mann til grengæslu, ber honum að útvega mann hið allra fyrsta hjá nábúa sínum, og má enginn sá, er mann getur ljeð, skorast undan mannláni til þessa. Einnig skulu boð gerð tafarlaust bæ frá bæ um grenfund-

72 inn til þess hreppnefndarmanns, er næstur býr, og má enginn bóndi synja um 6. ágúst slíkan boðburð. Ber hreppsnefndinni að sjá um, að skotmaður og vökumaður komi til grensins hið allra fyrsta, sem því verður við komið. Sá, er finnur tóulaust greni, hvort heldur í grenjaleit eða í smölun, skal skyldur að hlaða vörðu þar nálægt, eða setja þar annað glögt merki.

5. gr.

Gæslumenn grenja, skotmenn og vökumenn, svo og þeir, er grenja leita í afrjettum, skulu fá dagkaup úr fjallskilasjóði frá því þeir fara að heiman á grenið eða í leitina, og þangað til þeir koma aftur, en fæða skulu þeir sig sjálfir. Hreppsnefndin semur um kaupið í hvert sinn, bæði fyrir skotmann og hest hans, þurfi hann hests við. Auk dagpeninga fær skotmaður úr sama sjóði sem verðlaun 2 kr. fyrir fyrra dýrið, sen við gren hvert vinst, en 10 kr. fyrir hið síðara, og 1 kr. fyrir hvern yrðling. Verðlaun þessi fær skotmaður því að eins, að hann sýni oddvita hreppsnefndar skinnin af hinum unnu dýrum og yrðlingum, og skulu þau glögglega merkt.

6. gr.

Eigi má skotmaður fara frá greni fyr en eftir 5 dægur samfleytt (3 nætur og 2 daga), nema alunnið sje. Hafi skotmaður ekki náð yrðlingum öllum á 3 fyrstu dægum, skal hann eitra kjöt eða fugla og leggja fyrir þá í grenið, og að öðru leyti kosta alls kapps um, að drepa þá í greninu. Skotmaður skal, á meðan hann er að grenjastörfum, halda dagbók, og rita hjá sjer, hvaða daga hann er í grenjaleit, hve lengi hann liggur við hvert gren og hvað honum ávinst á hverjum degi. Skal hann afhenda hreppsnefndinni, ásamt reikningi sinum, slíka dagbók, og skulu vökumenn rita undir hana með honum til vitnisburðar um, að hún sje rjett og nákvæm. Vökumaður, sem á greni liggur, skal sýna skotmanni fullkomna hlýðni. Verði skotmaður eða vökumaður uppvis að því, að vanrækja að einhverju leyti grenjavinslu, þá skulu þeir missa kaup fyrir að hafa legið á því greni.

7. gr.

Sjerhver hreppsnefnd skal rækilega annast um, að eitrad sje fyrir refi um haust og á vetrum, bæði í heimalöndum og afrjettum, þar sem refa er von, og að nægar birgðir sjeu til af eitruðu æti til að leggja fyrir dýrin í harðindum, er alt sauðfje er á gjöf í húsum. Skal þetta starf falið hinum hæfustu mönnum.

8. gr.

Í þeim hreppum, sem til fjalla liggja, skulu hreppsnefndir annast um: 1. að skothús sjeu byggð, og hvetja skotmenn til að skjóta refi frá þeim við agn; 2. að stunduð sje refaveiði með dýrabogum, og skal hver slíkur hreppur nota í þessu skyni einn dýraboga að minsta kosti, og fá hæfan mann til að stunda hann með sem vægustum kjörum.

9. gr.

Hver sá, er vinnur tóur, sem ekki eru við gren, skal á hvaða tíma árs, sem er, fá 3 kr. í þóknun fyrir dýr hvert. Hver, sem slíka þóknun vill fá, skal færa óyggjandi sönnun fyrir, að hann hafi til hennar unnið.

10. gr.

Hver sá, sem elur yrðlinga eða refi heima hjá sjer og sleppir þeim úr gæslu, skal sæta frá 20—40 kr. sekt fyrir hvern ref, nema hann fái sannað, að refurinn hafi náðst aftur og verið drepinn. Sektin rennur í fjallskila- eða hreppsjód.

11. gr.

Kostnað til refaveiða skal greiða úr fjallskilasjóði. Nú vinnur einhver hreppur svo mikið að eyðingu refa eitt hvert ár, að fjallskilasjóði þess hrepps er um megn að að greiða allan kostnaðinn, er af því stafar, má þá greiða alt að helming kostnaðarins úr sýslusjóði.

Refaveiðakostnaður í Grímsness- og Laugardalshreppum skiftist þannig, að Grímsneshreppur greiðir $\frac{3}{4}$, en Laugardalshreppur $\frac{1}{4}$ kostnaðar.

12. gr.

Um nýár hvert skulu hreppsnefndir gefa sýslunefndinni skýrslu um grenjavinslu fyrir liðið ár, um eitrun fyrir refi og tölu refa þeirra, er unnist hafa á annan hátt.

II. kafli.

Um upprekstur.

13. gr.

Að svo miklu leyti sem heimalönd, að álitu hreppsnefndar, eru eigi nægileg til sumarbeitar, ber öllum, sem afrjett eiga, að nota hann til upprekstrar fyrir fjallfje sitt, sem er geldfje og lömb, hross og geldneyti. Hreppsnefndin sjer um, að þetta sje eigi vanrækt, og yfir höfuð gætir þess, að heimahögum sje eigi íþyngt um skör fram á sumrum.

14. gr.

Hver, sem verður uppvís að því, að reka í annars afrjett eða heimalönd, og skilja þar eftir sauðfje eða hross án leyfis þeirra eða þess, er landið eiga, skal sæta fyrir það ábyrgð, ef landeigendur kæra hann.

15. gr.

Lömb skulu setin að minsta kosti 2 sólarhringa, áður en þeim er slept á afrjett. Að öðru leyti hefir hreppsnefndin vald til að segja fyrir um, hvernig haga skal rekstrum á afrjett, og um að reka það fje aftur til afrjettar, er fram rennur að sumrinu. Hreppsnefndin ein má leyfa upprekstur utanhreppsfjenaðar í afrjett hreppsins.

16. gr.

Hreppsnefndin hefir rjett til að afstýra yfirgangi á afrjett af utansýslugripum, sauðfje, nautpeningi og hrossum, sem heimildarlaust eru á afrjettinn komnir, og hefir hún í því skyni vald til að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði á afrjetti og heimalöndum, þegar henni þykir þurfa.

III. kaffi.

Um fjallskil.

17. gr.

Hreppsnefnd hver skal sjá um, að fullkomin smölun á afrjetti hreppsins fari fram á hverju hausti til fjallsafns og skilarjetta. Hefir hreppsnefndin vald til að gefa um þetta efni þær reglur og fyrirskipanir, er hún telur hagkvæmar og nauðsynlegar til tryggingar vandlegri smölun. Sá, sem órjetti þykist beittur, á rjett á að kæra málið fyrir hreppsnefnd og síðan sýslunefnd eftir sömu reglum, sem gilda um útsvarskætur.

18. gr.

Hreppsnefnd boðar með fjallseðli 3 vikum fyrir fyrstu fjallsöfn, hvernig leitum skuli hagað og hverjir fara skuli í utansveitarrjettir.

Að afloknu fyrsta fjallsafni, skal rjettað í Þingvallahreppi mánudaginn í 22. viku sumars. Í Grímsness- og Laugardalshreppum þriðjudaginn, í Selvogshreppi miðvikudaginn, í Grafningshreppi miðvikudaginn, í Biskupstungnahreppi miðvikudaginn í sömu viku; í Ölfushreppi fimtudaginn í 23. viku sumars.

19. gr.

Hreppsnefndinni ber að ráða leitarstjóra, einn eða fleiri, við afrjettar-smölun. Hefir hann, eða þeir, öll ráð og fyrirsögn á hendi á afrjettinum, skipar í leitir og ræður sjerhverju öðru, er safnmenskunni viðvikur, alt þangað til safnið er komið til almenningsrjetta, og er safnmönnum skylt að hlýða honum meðan á þessu stendur. Einnig skal hann sjá um, að leitir gangi eigi inn á annara afrjetti.

20. gr.

72

6. ágúst

Sjerhver fjallsafnsmaður skal vera með fullri greind og heilsu, fullfær að gegna starfa sínum að álitni leitarstjóra og tveggja manna, sem hann kveður með sjer, og forsvaranlega útbúinn að hestum, mat, fötum, skóledri og tjaldrúmi. Nefndin skal haga svo til, að hinir markglöggustu, sem völ er á, sjeu sendir í utansveitarrjettir.

21. gr.

Ef leitarstjóri með 2 tilkvöddum leitarmönnum, sem best eru til fallnir, gerir einhvern fjallmann afturreka fyrir einhvern brest á því, sem áður er talið, eða fyrir óhlýðni, er að álita sem hlutaðeigandi búandi hafi engin fjallskil gjört, en skjóta má hann úrskurði leitarstjóra til hreppsnefndar til endilegra úrslita.

22. gr.

Haga skal fjallgöngum svo, þar sem því verður við komið, að eigi verði misgöngur hreppa á milli. Skulu hreppsnefndir þær, sem hlut eiga að máli, koma sjer saman um, hvernig því verði komið við. Einnig skulu leitarstjórar sjá um, að fje sje ekki látið að óþörfu of fljótt inn í gerði eða rjettir.

IV. kafli.

Um almenningsrjettir.

23. gr.

Hreppsnefndin sjer um, að almenningsrjettum hreppsins með tilheyrandi dilkum sje forsvaranlega við haldið, og heyrir þar til eigi að eins, að allir veggir þeirra sjeu stæðilegir um rjettatímann og nægilega háir, heldur einnig, að sauðheld grind sje í hverjum dilkdyrum og almenningsrjettinni svo hagað, að eigi standi í henni vatn til óhægðar við fjenaðarhirðingu. Við sjerhverjar almenningsrjettir skal utansveitarmönnum heimilt að fá að byggja sjer dilk fyrir fje sitt. Nægilegt rúm þarf að vera í hverjum dilk til þess að enginn þurfi að hleypa út úr þeim fyr en að afstöðnum rjettum eða þegar hreppsnefndin, eða sá, sem í hennar umboði stjórnar rjettahaldi, leyfir. Bygging á almenningsrjettum og safngerðum, þar sem þau eru til, hvílir jafnt á öllum búendum hreppsins og skal hún, ef hreppsnefndin skipar ekki öðru visi fyrir, vera fullgjör næsta kvöld fyrir rjettardag, og skulu þeir, sem þá hafa eigi aflokið skyldu sinni, sæta sektum, og hreppsnefndin láta tafarlaust vinna verkið á þeirra kostnað. Rjett skal byrja þegar markljóst er.

24. gr.

Sundurdráttarrjett skal byggja á Ölkelduhálsi eða þar í grend fyrir Ölfus- og Grafningshreppa, og skal safna til hennar á vori hverju svo tímanlega,

72 að þar verði rjettad mánudaginn í 10. viku sumars. Kostnaðurinn við bygging-
6. ágúst una greiðist úr fjallskilasjóði viðkomandi hreppa. Skylt er, að þeir, sem staddir eru í þessari rjett, hirði ull af fje fjarstaddra sveitunga sinna og komi henni til skila, sem og marki lömb þeirra, gegn 30 aura þóknun fyrir að rýja kindina og 15 aura fyrir að marka lambið, er hvortveggja greiðist af eiganda.

25. gr.

Vilji hreppsnefnd breyta til um rjettastaði, þarf hún til þess samþykki meiri hluta hreppsþúa og þeirra, sem land eiga.

26. gr.

Hreppsnefnd skipar fyrir um innrekstur og rjettahöld og kveður upp, hvenær rjettum sje lokið, og gætir þess vandlega, að alt fari þar fram í sem beztri röð og reglu.

V. kafli.

Um eftirleitir og skilarjettir.

27. gr.

Eftirleitir og bygðasöfn skulu fram fara svo tímanlega, að skilarjett verði haldin fyrir Selvogshrepp: 1. fimtudaginn í 24. viku sumars; 2. fimtudaginn í 26. v. s. Fyrir Ölfushrepp: 1. föstudaginn í 24. v. s.; 2. föstudaginn í 26. v. s. Fyrir Grafningshrepp: 1. fimtudaginn í 24. v. s.; 2. fimtudaginn í 26. v. s. Fyrir Þingvallahrepp: 1. þriðjudaginn í 23. v. s.; 2. þriðjudaginn í 25. v. s. Fyrir Grímsneshrepp: 1. fimtudaginn í 24. v. s.; 2. fimtudaginn í 26. v. s. Fyrir Laugardalshrepp (á Laugarvatni): 1. þriðjudaginn í 23. v. s.; 2. miðvikudaginn í 25. v. s. Fyrir Biskupstungnahrepp: 1. föstudaginn í 24. v. s.; 2. þriðjudaginn í 25. v. s.; 3. föstudaginn í 27. v. s. Til fyrstu skilarjettar skal auk sauðfjár smala nautum og hrossum og reka til rjetta bæði úr afrjetti og heimalöndum.

28. gr.

Fari einhverjir í eftirleit á afrjetti í Selvogs-, Ölfus-, Grafnings-, Grímsness- og Þingvallahreppum að afloknum þeim eftirleitum, sem hreppsnefndir láta gjöra samkvæmt þessari reglugjörð, fær finnandi í fyrstu eftirleit $\frac{1}{3}$ af lambsverði, en að eins $\frac{1}{4}$ af verði eldri kinda, eftir mati hreppsnefndar. Í síðari eftirleitum tvöfaldast tollurinn. Eftirleitartollur í Biskupstungum er hinn sami sem í öðrum hreppum fjallskilasvæðisins í viðskiftum við þá. Að öðru leyti hafa Biskupstungur sama eftirleitartoll sem hrepparnir austan Hvítár. Eftir seinustu skilarjett má enginn láta óskilakind vera í fje sínu viku lengur, að hann eigi aðvari hreppsnefnd um það.

29. gr.

Bygðasöfnin skulu fara fram deginum á undan skilarjett. Hver og einn skal þá skyldur að smala heimaland sitt og að hlýðnast þeim fyrirskipunum hreppsnefndarinnar, er miða til tryggingar því, að vel sje smalað, og skal síðan alt óskilafje byrgt inni næstu nótt og rekið til almenningsrjetta daginn eftir í tækan tíma.

30. gr.

Verði einhver uppvís að því, að smala heimaland sitt óforsvaranlega í bygðarsöfnum, hefir hreppsnefndin vald til að setja umsjónarmenn við smölun hans, eða láta aðra framkvæma hana, hvorttveggja á kostnað hins seka.

VI. kafli.

Um meðferð á óskilafjenaði.

31. gr.

Kalineyrt og eyrnalaust fje og ómerkinga skal sjerhver reka til almenningsrjetta, bæði í fjallsöfnum og bygðasöfnum, og skal hreppsnefndin sjá um, að alt slíkt fje sje dregið í dilk sjer. Haldi einhver slíku fje frá rjettum eða dragi sjer það og marki án leyfis hreppsnefndar með launung eða ofriki, hefir hann eigi að eins fyrirgjört hinni sömu kind, þótt móðir helgi sjer á eftir, heldur skal hann og sæta sektum alt að 20 kr. — Leiða skal ær að dilkum og leyfa mönnum með öðru móti að sanna eignarrjett sinn með óbrigðulum einkennum, en eigi af fjárbragði einu saman. — Í Selvogs-, Ölfus-, Grafnings-, Þingvalla- og Biskups-tungnarjettum skal alt óskilafje, ómerkingar, kalineyrt og eyrnalaust, sem enginn getur helgað sjer, þegar í fyrstu rjett selt við opinbert uppboð, fjallskilasjóði til inntektar, og síðan á sama hátt í hverri skilarjett. En úr Grimsness- og Laugar-dalsrjettum skal selja ómerkinga og kalineyrt fje, en öðrum úrgangi slept í byggð. Um eldri ómerkinga, er koma fyrir í fjallsöfnum, gildir hið sama sem um ómörkuð lömb.

32. gr.

Öll óskilahross, sem fyrir koma í fyrri skilarjett, skal þegar taka í vöktun og gefa þá þegar út lýsingu á þeim til þeirra hreppa, er líkindi kynnu að vera til, að þau væru frá, og vakta þau til síðari skilarjettar, en selja þá það af þeim, sem enginn getur helgað sjer, sem annan óskilafjenað. Vöktunarkaup fyrir hvert hross er 20 aurar um sólarhringinn, en hálfu minna fyrir folald, er fylgir móður.

33. gr.

Innan desembermánaðarloka ár hvert skal hreppstjóri semja skýrslu um mörk, lit og önnur einkenni á óskilafjenaði, er seldur hefir verið í hreppnum á því hausti, og senda til birtingar í lögbirtingablað landsins.

34. gr.

Til næstu veturnóttu á eftir á eigandi aðgang að verði seldra kinda, en borgi allan löglegan áfallinn kostnað. Hafi þá enginn eigandi gefið sig fram, fellur andvirðið í fjallskilasjóð þess hrepps, er óskilafjeð er selt í. Hvað hross áhrærir, hefir eigandi rjett til fardaga næstu eftir að helga sjer þau, og fá annaðhvort verð þeirra eða þau sjálf, gegn því að borga allan áfallinn kostnað. Af óskilafjárverði fái Grímsneshreppur $\frac{3}{4}$ móti Laugardalshreppi.

35. gr.

Til þess að geta sannað eignarrjett sinn, á sauðfje, hlýtur eigandi að hafa lögheimilt og augljóst mark. Gefi 2 eða fleiri sig fram sem eigendur að sama marki, er hreppstjóri eigi skyldur að svara kindinni úr vöktun eða verði hennar eftir sölu, fyr en einhver þeirra hefir löglega sannað eignarrjett sinn. Þó hefir sá forrjett, sem meiri líkindi eru til samgöngu á fje, á þeim stað, sem kindin kemur frá.

36. gr.

Yfir höfuð skal farið eftir skrásettum eyrnamörkum og auglýstum brennimörkum, en því að eins eftir óskrásettum eyrnamörkum, hornmörkum og óauglýstum brennimörkum, að eigandi gefi skýringar um þau.

VII. kafli.

Um rekstra á sölufje.

37. gr.

Um rekstrarmenn.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir menn, vandaðir, duglegir og vel útbúnir. En það álist nægileg tala ef 2 menn reka alt að 100 fjár, 4 menn alt að 400 fjár, og sjeu fleiri menn eftir líkri tiltölu, ef fleira fje er rekið í einum rekstri; en ekki mega þeir jafnframt hafa annað á hendi, ef ekki er betur mannað. Ekki mega að jafnaði vera færri en 2 rekstrarmenn, hvað fátt sem rekið er; þó má 1 maður reka, ef ekki eru reknar fleiri en 15 kindur, þó að eins með samþykki hreppstjóra þess hrepps, sem rekstur er úr, og þarf sá, er rekur, að geta sýnt leyfi frá honum, ef krafist verður.

38. gr.

Um rekstrarforingja.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávalt einn vera yfirmaður, er annist um, að þessum rekstrarreglum sje hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynnu að kæra, en hann á aftur aðgang að samrekstrar-

mönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin að eins á hverjum einstökum rekstrarmanni, er brýtur, ef brotið er svo vaxið, að það heyri undir 6. ágúst almenn hegningarlög. **72**

39. gr.

Um rekstrarmark.

Alt fje í sölurekstrum skal vera merkt með ákveðnu rekstrarmarki, er sje svo glögt, að það sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að það máist ekki af, þó að votviðri gangi.

40. gr.

Um áningu og áfanga.

Reka skal hægt og gætilega, æja nógu oft og hafa áfanga eigi of langa. Eigi má æja í slægjulöndum, meðan heyannir standa yfir, en úr því má æja hvar sem vill, hvort heldur er í byggð eða óbyggð.

41. gr.

Um vörn við því, að tjón verði af rekstrum.

Svo skal rekstrum haga, að sem minstur bagi verði að þeim, er þau lönd eiga, sem um er rekið. Varast skal að rekstrum lendi saman við annað fje, ef hjá því verður komist. Eigi má halda áfram með rekstra úr því að farið er að skyggja til muna, nema brýn nauðsyn beri til að ná í áfanga, og aldrei úr því að dimt er orðið; svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyr en markljóst er orðið.

42. gr.

Um rannsókn á rekstrum.

Nú ber svo til, að öðru fje lendir saman við rekstur. Skal þá stöðva reksturinn ef á ferð er, en ella halda kyrru fyrir og eigi leggja aftur af stað með hann ef í byggð er, fyr en búíð er að rannsaka hann af 2 tilkvöddum, skilríkum mönnum. Getur enginn skorast undan slíkri rannsókn, er til þess er fær, og ber að gjöra það ókeypis, ef það tekur ekki upp yfir 2 klukkustundir; ella ber rekstrarmönnum að greiða þóknun fyrir, eftir úrskurði sýslumanns, ef á greinir; en aðgang eiga rekstrarmenn með þá borgun að eigendum fjárins, ef þeim hefir ekki sjálfum verið um að kenna.

43. gr.

Um talning á rekstrum.

Telja skal fjeð í rekstrunum, hvenær sem viðstaða verður svo, að fje dreifi sjer nokkuð til muna, bæði þegar staðar er numið og haldið af stað aftur. Vanti þá fje í reksturinn, skal gjöra aðvart um það á næsta bæ, sem að er komið, og biðja fyrir það sem vanta kann. En ef fleira fje er komið í reksturinn en

72 honum á að fylgja, skal á næsta bæ, sem að er komið, rjetta rekstrinum, skilja 6. ágúst það frá, sem að hefir komið, og sjá um, að það komist í átthaga sína, eigendum að skaðlausu.

44. gr.

Um óleyfilega fjártöku í rekstra.

Verði einhver sannur að því, að hafa tekið fje annara í rekstur heimildarlaus, skal hann bæta það eigendum að fullu eftir samkomulagi eða eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður tilnefnir, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gjört af skeytingarleysi, varðar það að auk sektum, 1—5 kr. fyrir hverja kind, sem þannig er tekin, þó eigi yfir 200 kr., er gangi í sveitarsjóð þess hrepps, er land á, þar sem brotið er framið, nema því að eins, að brotið heyri undir almenn hegningarlög.

45. gr.

Brot móti reglugjörð þessari kærir hreppsnefndin, þar sem brotið er framið, tafarlaust fyrir sýslumanni, sem fer með það eins og lög ákveða.

46. gr.

Reglugjörð 3. júlí 1895 fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir og refaveiðar er úr gildi numin.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890 og nr. 36, 24. nóv. 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1909.

Í stjórnarráði Íslands, 6. ágúst 1909.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.